

2. bekkur

Vinnulag samfélagsgreina

- Geta rætt um samfélagið og notað valin hugtök í því samhengi.
- Geta sett sig í spor jafnaldra og fjölskyldumeðlima.
- Geta miðlað þekkingu sinni og skoðunum tengdum samfélaginu.
- Geta tekið þátt í samstarfi og sameiginlegum ákvörðunum í jafningjahópi og innan fjölskyldunnar.

Sjálfsmynd

- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Geta áttað sig á mikilvægi næringar, hvíldar, svefns, hreyfingar og hreinlætis.
- Geta áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, tilhlökkun, sorg og reiði.
- Geti áttað sig á mikilvægi jákvæðra viðhorfa fyrir sjálfan sig.
- Geta gert sér og öðrum grein fyrir hvar eigin styrkur og áhugi liggur.
- Geta sýnt sjálfum sér og öðrum virðingu og sagt frá því hvernig það er hægt.
- Geta fjallað um ólíka einstaklinga og hópa í skóla- og nærsamfélaginu.
- Geta bent á dæmi um fjölbreytni kynhlutverka og áhrif þeirra á sjálfsmyndina

Siðferði og trú

- Geta áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og siðum.
- Geta velt fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.
- Geta sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.
- Geta áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.

Borgaravitund

- Geta sýnt þekkingu á reglum í samskiptum og útskýrt tilgang þeirra.
- Geta rætt um réttindi og skyldur og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Geti áttað sig á að hver einstaklingur er hluti af stærra samfélagi.
- Geta bent á dæmi um lýðræðislega þætti í skóla- og nærsamfélaginu.
- Geta sagt frá nokkrum stofnunum samfélagsins.
- Geta áttað sig á mikilvægi samhjálpar í samfélaginu.
- Geta þekkt dæmi um grunnþjónustu í samfélaginu.
- Geta varast hættur á heimili sínu, í umferðinni og nærumhverfi.
- Geta sagt frá umferðarreglum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og farið eftir þeim.
- Geta rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra og tekið þátt í samfélagsmálum.

Saga

- Geta áttað sig á að ólíkar heimildir segja ólíka sögu.
- Geta átta sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Geta uppgvötvað og nefnt dæmi um einkenni og sögu heimabyggðar.
- Geta nefnt dæmi um sögu og einkenni Íslands.
- Geta sagt frá völdum persónum, atburðum og tímabilum í sögunni.
- Geta komið auga á þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.
- Geta fjallað um atburði í sögunni í tengslum við samtímann.

Jörðin okkar

- Geta áttað sig á hlutverki og notagildi landakorta og ratað með hjálp einfaldra korta.
- Geta nefnt dæmi um ólíkar aðstæður, menningu og líf fólks.
- Geta nefnt dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af.
- Geta lýst því hvernig matvæli og fót verða til og hvar þau enda.
- Geta bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Geta nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar.
- Geta gert sér grein fyrir mikilvægi sínu í umgengni um og vernd náttúrunnar.

Lykilhæfni í samfélagsgreinum – 2. bekkur

Tjáning og miðlun

- Nemendur ræða um áhugamál sín og skoðanir.
- Nemendur læra og nota ný orð til að ræða einföld samfélagsleg viðfangsefni.
- Nemendur nýta ólíkar leiðir til að miðla, t.d. myndir, frásagnir eða leik.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Nemendur spyrja einfaldra spurninga til að skilja samfélagið og nærsamfélagið.
- Nemendur vinna verkefni á skapandi hátt og læra af mistökum sínum.

Sjálfstæði og samvinna

- Nemendur sýna frumkvæði í verkefnum og biðja um aðstoð þegar þarf.
- Nemendur vinna með öðrum að verkefnum í hópi og læra að taka mismunandi hlutverk.
- Nemendur taka endurgjöf á jákvæðan hátt.

Nýting miðla og upplýsinga

- Nemendur þjálfast í að greina einfaldar skoðanir frá staðreyndum í sögum eða frásögnum.
- Nemendur segja rétt frá því sem þeir hafa lesið eða heyrt.

Ábyrgð og mat á eigin námi

- Nemendur ræða um eigin styrkleika og setja sér einföld markmið í námi eða leik.
- Nemendur gleðjast þegar markmiðum er náð og læra að velta fyrir sér hvað þeir vilja læra næst.

Samfélagsgreinar – Kennsluaðferðir og námsmat 1.–4. bekk

Árgangur	Kennsluaðferðir	Námsgögn	Námsmat
2. bekkur	- leikir - samræður - frásagnir - smáfyrirlestur - sköpun - leitaraðferð - hópvinna - einstaklingsvinna - samvinna - söguaðferð - vettvangsferðir	- Halló heimur 1 - Halló heimur 2 - Barnasáttmálinn - Trúarbrögðin okkar - Könnun kortin - Ýmsar bækur - Ljósrituð hefti - efni af vef	- Leiðsagnarmat: reglulegar umsagnir, sjálfsmat og samtöl - Hæfni metin með táknum: ★ Framúrskarandi □ Mjög góð hæfni ✓ Góð hæfni ◇ Á góðri leið ○ Þarfnast þjálfunar ✗ Hæfni ekki náð - L Lokið - Ó Ólokið